**150. löggjafarþing 2019–2020.**
**Þingskjal 1332 — 341. mál.**
**3. umræða.**

# Breytingartillaga

**við frumvarp til laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.**

Frá Óla Birni Kárasyni.

1. Við 16. gr.
   a. Í stað orðanna „hlutafjár- eða stofnfjáreign" í 1. málsl. 2. mgr. komi: hlutafjáreign.
   b. Í stað orðanna „hlutafjár- eða stofnfjáraukningar" í 4. málsl. 2. mgr. komi: hlutafjáraukningar.
2. 2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 33. gr. orðist svo: Verðbréfafyrirtæki skal vera með stofnframlag skv. 2. mgr. 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki eða samkvæmt sambærilegri löggjöf annars EES-ríkis.
3. 2. málsl. 3. tölul. 37. gr. verði ný málsgrein, 3. mgr., og orðist svo:
   Um aðila skv. 2. mgr. skulu gilda sambærilegar reglur og í lögum um verðbréfaviðskipti um verndun réttinda viðskiptavina í tengslum við fjármálagerninga og fjármuni í eigu þeirra.
4. Í stað orðanna „rafræna eignarskráningu verðbréfa" í 3. mgr. 74. gr. komi: verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.
5. 119. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
6. Í stað dagsetningarinnar „1. október 2020" í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða I komi: 1. nóvember 2020.